

Nd.

745. Frumvarp

til laga um bráðabirgða-ungmennafræðslu í Reykjavík.

(Eftir 2. umr. í Nd.).

1. gr.

Stofna skal ungmennaskóla í Reykjavík, er veiti almenna fræðslu, bóklega og verklega, bæði piltum og stúlkum.

2. gr.

Tvær ársdeildir skulu vera í skólanum. Með leyfi stjórnarráðsins má bæta við framhaldsnámi hinn þriðja vetur í tilteknum hagnýtum námsgreinum.

3. gr.

Námsgreinar í skólanum skulu vera þessar: Íslenska, norðurlandamál, enska, bókmentafræði, saga, landafræði, náttúrufræði, hagfræði, fjelagsfræði, reikningur, söngur, teikning, íþróttir og, eftir því sem við verður komið, steinsmiði, trjesmiði, járnsmiði, netabæting, einfaldur fatasaumur og matreiðsla. Undanþágur má skólastjóri veita nemendum í einstökum námsgreinum, eftir því sem ábugi og hæfileikar benda til.

4. gr.

Við skóla þennan skipar stjórnin tvo fasta starfsmenn, skólastjóra og einn kennara. Skal skólastjóri jafnan njóta sömu launakjara og forstöðumaður kennaraskólans, en kennarinn sömu launakjara og fastir kennarar sama skóla. Laun þeirra greiðast úr ríkissjóði.

5. gr.

Þriggja manna skólanefnd hefir yfirstjórn skólans. Bæjarstjórn Reykjavíkur kys með hlutfallskosningu tvo til þriggja ára, og fræðslumálastjórnin skipar hinn þriðja, sem jafnframt er formaður nefndarinnar, til jafnlangs tíma. Skólanefndin starfar endurgjaldslaust.

6. gr.

Skólastjóri hefir á hendi daglega stjórn skólans, ræður stundakennara og skiftir verkum með þeim. Skólanefnd semur reglugerð fyrir skólann um kenslu, próf og fl., er fræðslumálastjórnin staðfestir. Skólanefnd skal ennfremur undirbúa byggingu nauðsynlegra húsa fyrir skólann, ráða með skólastjóra bóka- og áhaldakaupum og annast fjárstjórn skólans.

7. gr.

Fyrir hverja 20 nemendur, er njóta ekki minni kenslu en 24 stundir á viku hverri, greiðist í skólasjóð úr ríkissjóði 1500 krónur og jafnmikið úr bæjarsjóði Reykjavíkur. Sömu aðiljar leggja fram til helminga andvirði efnis

við vinnukensluna. Fræðslumálastjórnin ákveður, að fengnum tillögum skólafélagar, skólagjöld nemenda, er renna í skólasjóð.

8. gr.

Skólaárið er frá 1. okt. til 1. maí.